

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um endurskoðun á reglum um skjölun og meðferð erinda

**Ábyrgðarmaður:** Óskar J. Sandholt

### **Inngangur:**

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar hefur í för með sér að eldri stefnur ljúka hlutverki sínu. Þar á meðal er skjalastefna Reykjavíkurborgar 2015-2020. Í stafrænni stefnu kemur fram að skráning, varðveisla og meðferð skjala og upplýsinga sé samræmd og kerfisbundin og uppruni og rekjanleiki þeirra sé tryggður. Þá er einnig kveðið á að öll meðferð upplýsinga skuli fullnægja þeim lögum og reglum sem settar eru til verndar réttindum annarra og öryggi.

Samhliða innleiðingu stafrænnar stefnu er nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglur um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar. Umfang málaflokksins, framþróun í innleiðingu upplýsingastjórnunarkerfisins Hlöðunnar og ut anumhald málaflokksins innan Reykjavíkurborgar hefur tekið stakkaskiptum á liðnum árum síðan reglurnar voru skrifaðar. Breytingar í málaflokknum með tilfærslu verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns Íslands ýta einnig undir mikilvægi skýrra reglna um ábyrgð og umfang upplýsinga- og skjalamála hjá Reykjavíkurborg.

### **Hlutverk:**

Hlutverk hópsins er að endurskoða og yfirfara reglur um upplýsinga- og skjalastjórn Reykjavíkurborgar og gera tillögu að nýjum reglum.

### **Helstu verkefni/viðfangsefni:**

- Endurskoða verklagsreglur um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar.
- Yfirfara reglurnar miðað við stafræna stefnu og ógildingu skjalastefnu.
- Yfirfara reglurnar miðað við upplýsinga- og skjalastjórn Reykjavíkurborgar.
- Yfirfara reglurnar miðað við laga- og reglubreytingar sem kunna hafa orðið.
- Yfirfara reglurnar miðað við áhrif á flutning verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns Íslands.

### **Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Óskar Þór Þráinsson (formaður), skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Fany Larota Catunta, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Karen Gyða Guðmundsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Halldóra Jónsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Harpa Dögg Kristinsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Aldís Geirdal Sverrisdóttir, teymisstjóri lögfræðiþjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsvið

### **Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnastjóri stjórnsýslumála, þjónustu- og nýsköpunarsvið


### **Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok nóvember 2023.

Reykjavík, 1. nóvember 2023

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Óskar J. Sandholt', with a long horizontal stroke extending to the right.

Óskar J. Sandholt